

Opinn íbúafundur hverfisráðs Kjalarness og íbúasamtaka Kjalarness

Opinn íbúafundur hverfisráðs Kjalarness og íbúasamtaka Kjalarness verður haldinn í Fólkvangi þriðjudaginn 6. desember og hefst kl. 20:00.

Dagskrá:

- ⇒ Landsáætlun um úrgang. Kjartan Ingvarsson lögfræðingur hjá Umhverfisráðuneytinu kynnir áætlunina. Landsáætlunin tekur til hvers kyns úrgangsmála, hvort sem um er að ræða hvernig auðvelda eigi almenningi flokkun úrgangs, hvernig standa skuli að endurvinnslu, hvernig bæta skuli nýtingu hráefna eða hvernig koma skuli í veg fyrir myndun úrgangs og þar með urðun, svo fátt eitt sé nefnt.

Kjalnesingar eru hvattir til að fjölmenna á fundinn

Fundarstjóri er: Marta Guðjónsdóttir, formaður hverfisráðs Kjalarness